

1509118



Reykjavík.08.09.2015

Sveitarfélagið Árborg.  
Bárður Guðmundsson skipulags-og byggingarfulltrúi

**Efni: Lögn 20mm ljósleiðararörs frá tengistað O.F. við Suðurrhóla og í tengivirki á Selfossi**

Orkufjarskipti hf., Krókhálsi 5c, 110 Reykjavík, Kt. 561000-3520 áætla á næstu dögum að leggja ljósleiðarastreng frá tengistað við Suðurrhóla og í tengivirkið á Selfossi. Ástæða lagningarinnar er að halda áfram með þá ljósleiðaralögn sem verið er að leggja með háspennustreng Landsnets þessa dagana milli Þorlákshafnar og Selfoss en sú lögn mun enda við tengistað L.N. við Suðurrhóla. Vegna stýringa á raforkukerfinu er nauðsynlegt að klára ljósleiðaralögnina í tengivirkið á Selfossi, fyrr er ekki hægt að gangsetja rafstrenginn.

Lögnin mun liggja með Suðurrhólum í landi Bjarkar, Fossmúla og þvert yfir land Dísarstaða þar sem komið er að Gaulverjabæjarvegi, þar verður farið með veginum og tengst rörakerfi H.S Veitna við Larsenstræti sem nær í tengivirkið.

Gert er ráð fyrir að í landi sveitarfélagsins (Björk) og í landi Fossmúla þar sem farið verður inn fyrir girðingu verði lögnin plægð niður, hins vegar hefur ekki fengist leyfi landeigenda á Gráhellu og þarf því að fara þar út fyrir lóðamörk og grafa rörið niður með öðrum lögnum sem eru með Suðurrhólunum í dag, sú vegalend er um 1km, í landi Dísarstaða verður lögnin plægð niður með girðingu að vegi og áfram þangað til tengst verður rörakerfi H.S. Veita.

Að loknum jarðvinnuframkvæmdum verður 6.3mm ljósleiðarastreng blásið í rörið. Komið er leyfi Vegagerðarinnar fyrir því að fara með Gaulverjabæjarvegi. Eins liggur fyrir samþykki landeigenda á Gráhellu og Dísarstaða, sjá viðhengi.

Öll ummerki framkvæmdarinnar á yfirborði verða lagfærð. Sáð verður í þau jarðvegssár sem verða í grónu landi og einnig verður lögð rík áhersla á vandaðan frágang yfirborðs þar sem grafið verður. Óskað er eftir samþykki sveitarfélagsins fyrir lögninni í landi Árborgar og framkvæmdaleyfi.

Með kveðju,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Benedikt Haraldsson'.

Benedikt Haraldsson  
Verkefnastjóri  
Sími: 515 9701  
GSM: 8999867  
Netfang: benedikth@orkufjarskipti.is



[Not for commercial use]

Orkufjarskipti  
Benedikt Haraldsson  
Krókhálsi 5c  
110 REYKJAVÍK



Selfoss, 2. september 2015  
Tilvísun: 2015010059  
FJH/

### Efni: Ljósleiðaralögn meðfram Gaulverjabæjarvegi

Vegagerðin hefur mótttekið umsókn um leiðslu á vegsvæði frá Orkufjarskiptum þar sem óskað er eftir leyfi til að leggja ljósleiðarastreng meðfram Gaulverjabæjarvegi.

Vegagerðin heimilar legu lagnarinnar í samræmi við umsókn dags 19.08.15 með eftirfarandi skilyrðum.

Lögnina skal hvergi leggja nær vegi en kemur fram í yfirlitsmyndum með umsókn ( í a.m.k. 6 m fjarlægð) frá vegöxl. Öll tengivirki ofanjarðar skulu vera í a.m.k. 15 m fjarlægð frá tengivegum og **30 m** frá stofnvegum. Þar sem þvera skal vegi skal lögnin vera a.m.k. 1 m undir yfirborði vegar og bora / reka skal undir vegi með bundnu slitlagi. Eigandi leiðslu ber ábyrgð á öllum kostnaði við flutning leiðslu og tilheyrandi mannvirkja á vegsvæði, hvort sem það stafar af breytingum á leiðslu eða vegi. Ef grípa þarf til þess að grafa í sundur veg með malbiksyfirborði skal malbika í sárið með tveimur lögum af malbiki 60mm og 50mm þykkum.

**Um leiðsluna gilda reglur um leiðslur á vegsvæði frá febrúar 1995 með þeim skilyrðum sem þar koma fram og með eftirfarandi öðrum skilyrðum.**

1. Vegsnið og umhverfi vegarins skal halda sér. Skila skal vegsvæðinu í jafngóðu ástandi og það var í áður, þar með talið vegyfirborði, vegöxlum, vegfláum og vegrásum sem og öðru innan vegsvæðis. Gerð er krafa um að lagnaeigandi, Orkufjarskipti, beri ábyrgð á verkinu í eitt ár, komi fram sig eða skemmdir á vegyfirborði og láti þá lagfæra á sinn kostnað.
2. **Merkingar skulu vera í samræmi við reglur Vegagerðarinnar og skal haft samráð við Vegagerðina og lögreglu varðandi merkingar. Skila skal inn merkjaplani til Vegagerðarinnar áður en verk hefst. Verði ekki farið eftir þessu eða merkingum sé ábótavant á verkfimanum mun Vegagerðin lagfæra og eða merkja vinnusvæðið á kostnað leiðslueiganda. Lagfæra skal merkingar innan 2 klst eftir að kvörtun kemur frá Vegagerðinni eða lögreglu um að merkingar séu ekki í lagi.**

## Yfirlýsing milli landeiganda og Orkufjarskipta um heimild til lagningar á ljósleiðaralögn

Undirritaðir aðilar þinglýstir eigendur jarðarinnar Diðavsláða veita Orkufjarskiptum hf., kt. 561000-3520, heimild til að leggja ljósleiðaralögn um land framangreindrar jarðar samanber meðfylgjandi loftmynd, þar sem lega lagnarinnar kemur fram í megin dráttum og aðilar hafa kynnt sér og samþykkt. Einnig fylgir heimildinni aðgangur til að framkvæma nauðsynlegt eftirlit og viðhald á lögninni.

Ef óskað verður eftir staðsetningu á lögninni munu Orkufjarskipti láta staðsetja hana á sinn kostnað.

Ef eigandi eða umráðamaður jarðar hyggur á jarðrask í nálægð við lögn (einn metri frá miðju lagnar til hvorrar hliðar) skal hann láta Orkufjarskipti vita af fyrirhuguðum framkvæmdum, sem munu þá staðsetja lögnina og gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru eiganda jarðar að kostnaðarlausu.

Landeiganda er heimilt að nýta yfirborð lands á helgunarsvæði strengsins til ræktunar og ekki þarf að láta Orkufjarskipti vita af yfirborðsvinnu jarðvegs vegna ræktunar þar sem strengurinn liggur á 80 -100 cm. dýpi.

Að framkvæmdum loknum munu Orkufjarskipti hf. lagfæra jarðrask og sá í gróðursár ef við á. Að öðru leyti gilda íslensk lög og reglur um yfirlýsingu þessa.

Heimildarskjali þessu má þinglýsa á jörðina.

Staður: Sel þess dags: 26.07.2015

Þinglýstir landeigendur jarðarinnar:

Nafn: Hannes O'Hara Kt: 0905705369

Nafn: \_\_\_\_\_ Kt: \_\_\_\_\_

Vottar:

Andrianna Þorsteinsdóttir 100261-3599  
Jon Bersi Ellingsson 040371-4869

## Yfirlýsing milli landeiganda og Orkufjarskipta um heimild til lagningar á ljósleiðaralögn

Undirritaðir aðilar þinglýstir eigendur jarðarinnar, Fossmila, veita Orkufjarskiptum hf., kt. 561000-3520, heimild til að leggja ljósleiðaralögn um land framangreindrar jarðar samanber meðfylgjandi loftmynd, þar sem lega lagnarinnar kemur fram í megin dráttum og aðilar hafa kynnt sér og samþykkt. Einnig fylgir heimildinni aðgangur til að framkvæma nauðsynlegt eftirlit og viðhald á lögninni.

Ef óskað verður eftir staðsetningu á lögninni munu Orkufjarskipti láta staðsetja hana á sinn kostnað.

Ef eigandi eða umráðamaður jarðar hyggur á jarðrask í nálægð við lögn (einn metri frá miðju lagnar til hvorrar hliðar) skal hann láta Orkufjarskipti vita af fyrirhuguðum framkvæmdum, sem munu þá staðsetja lögnina og gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru eiganda jarðar að kostnaðarlausu.

Landeiganda er heimilt að nýta yfirborð lands á helgunarsvæði strengsins til ræktunar og ekki þarf að láta Orkufjarskipti vita af yfirborðsvinnu jarðvegs vegna ræktunar þar sem strengurinn liggur á 80 -100 cm, dýpi.

Að framkvæmdum loknum munu Orkufjarskipti hf. lagfæra jarðrask og sá í gróðursár ef við á. Að öðru leyti gilda íslensk lög og reglur um yfirlýsingu þessa.

Heimildarskjali þessu má þinglýsa á jörðina.

Staður: Fossmiðli dags: 08.07.2015

Þinglýstir landeigendur jarðarinnar:

Nafn: Spindur Gunnarsson Kt: 120951-2389

Nafn: Jóna Fugvasdóttir Kt: 130952-3059

Vottar:

Guðni Þorvaldsson 100261-3599  
Jón Bersi Ellingsson 040371-4867